

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2014/EES/17/01		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 539/13/COL	1
2014/EES/17/02		Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 540/13/COL	2
2014/EES/17/03		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-rikkjum; vextimir gilda frá 1. janúar 2014	2
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2014/EES/17/04		Beiðni Hæstaréttar Íslands dagsett 8. október 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Íslandsbanka hf. gegn Gunnari V. Engilbertssyni (Mál E-22/13)	3
2014/EES/17/05		Beiðni stjórnarsýsludómstóls Furstadæmisins Liechtensteins dagsett 21. október 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli grísku nefndarinnar um fjármagnsmarkaði (Mál E-23/13)	3
2014/EES/17/06		Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 5. nóvember 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Gunnars V. Engilbertssonar gegn Íslandsbanka hf. (Mál E-25/13)	4
2014/EES/17/07		Beiðni Hæstaréttar Íslands dagsett 14. nóvember 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli íslenska ríkisins gegn Atla Gunnarssyni (Mál E-26/13)	4
2014/EES/17/08		Úrskurður dómstólsins frá 31. október 2013 í máli E-2/12 INT, HOB-vín ehf.	5
2014/EES/17/09		Úrskurður dómstólsins frá 23. október 2013 í máli E-2/13 Bentzen Transport AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA	5
2014/EES/17/10		Úrskurður forseta dómstólsins frá 12. nóvember 2013 í máli E-22/13, Íslandsbanki hf. gegn Gunnari V. Engilbertssyni	5

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

2014/EES/17/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7000 – Liberty Global/Ziggo)	6
2014/EES/17/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7109 – Deutsche Telekom/GTS)	7
2014/EES/17/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7201 – Carlyle/Industrial Packaging Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2014/EES/17/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6974 – Metinvest/Lanebrook/Southern GOK)	9
2014/EES/17/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7075 – Cintra/Abertis/Itinere/BIP&Drive JV)	9
2014/EES/17/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7150 – Apollo/Ulster Bank/Arnotts)	10
2014/EES/17/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7156 – WEX/Radius/European Fuel Card Business of Esso)	10
2014/EES/17/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7160 – Predica/AVIVA France/Ensemble Immobilier Saint-Denis) ...	11
2014/EES/17/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7166 – Sacyr/LBEIP/HC)	11
2014/EES/17/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7183 – Kendrick/Topaz/RPIF)	12
2014/EES/17/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7192 – Brookfield/MOL/ITI)	12
2014/EES/17/22	Ríkisaðstoð – Bretland – Málsnúmer SA.34947 (2013/C) (áður 2013/N) – Fjárfestingarsamningur (bráðabirgðasamningur um fjárhagslegan mismun) vegna nýja Hinkley Point C-kjarnorkuversins – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	13
2014/EES/17/23	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer SA.36387 (2013/C) (áður 2013/NN) – Meint aðstoð við þrjú knattspyrnufélög í Valencia – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	13
2014/EES/17/24	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer SA.33754 (2013/C) (áður 2013/NN) – Real Madrid Club de Futbol – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	14
2014/EES/17/25	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer SA.29769 (2013/C) (áður 2013/NN) – Ríkisaðstoð við tiltekin spænsk atvinnumannaiþróttafélög – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	14
2014/EES/17/26	Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer SA.20326 (2013/C) (áður 2012/NN) – Undanþága að hluta frá greiðslu launaskatts vegna rannsóknar og þróunar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	15

2014/EES/17/27	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Katowice-Muchowiec-svæðinu	15
2014/EES/17/28	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Bolesławiec-svæðinu	17
2014/EES/17/29	Orðsending stjórnvalda í Póllandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Kamienna Góra-svæðinu	19
2014/EES/17/30	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta	21

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTONUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2014/EES/17/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar: 18. desember 2013

Málsnúmer: 73097

Ákvörðunarnúmer: 539/13/COL

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn: Aðstoð vegna endurskipulagningar Sparisjóðs Norðfjarðar

Lagaheimild: Staflíður b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Markmið: Að ráða bót á alvarlegri röskun sem orðið hefur á efnahagslífi

Aðstoðarform: Breyting á kröfum

Aðstoðarfjárhæð: Vergt gildi breyttra krafna: 559 milljónir ISK (3,4 milljónir EUR)

Gildistími: Á ekki við

Atvinnugreinar: Fjármálaþjónusta

Heiti og póstfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2014/EES/17/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar: 18. desember 2013

Málsnúmer: 71513

Ákvörðunarnúmer: 540/13/COL

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn: Aðstoð vegna endurskipulagningar Sparisjóðs Vestmannaeyja

Lagaheimild: Staflíður b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Markmið: Að ráða bót á alvarlegri röskun sem orðið hefur á efnahagslífi

Aðstoðarform: Breyting á kröfum

Hver er aðstoðarfjárhæðin? Vergt gildi breyttra krafna: 2215 milljónir ISK (13,4 milljónir EUR)

Gildistími: Á ekki við

Atvinnugreinar: Fjármálaþjónusta

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við
endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur
EFTA-ríkjum; vextirnir gilda frá 1. janúar 2014**

2014/EES/17/03

Birt í samræmi við reglur um viðmiðunar- og afreiknivexti sem fram koma í VII. hluta leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð og ákvæði 10. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (Stjttíð. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1).

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar 788/08/COL frá 17. desember 2008. Til þess að finna viðeigandi viðmiðunarvexti skal bæta hæfilegu vaxtaálagi við grunnvextina í samræmi við ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð.

Grunnvextir hafa verið ákvarðaðir sem hér segir:

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
1.1.2014 –	6,50	0,23	1,99

EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni Hæstaréttar Íslands dagsett 8. október 2013 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli Íslandsbanka hf. gegn Gunnari V. Engilbertssyni**

2014/EES/17/04

(Mál E-22/13)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Hæstaréttar Íslands frá 8. október 2013, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 9. október 2013, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Íslandsbanka hf. gegn Gunnari V. Engilbertssyni, að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Samrýmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ef löggjöf í ríki sem aðild á að EES-samningnum heimilar að samningur neytanda og veitanda um lán til fjármögnunar fasteignakaupa hafi að geyma ákvæði þess efnis að greiðslur af láninu skuli verðtryggðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni vísitölu?
2. Ef svarið við fyrstu spurningunni er á þann veg að verðtrygging greiðslna af láni sem tekið er til fjármögnunar fasteignakaupa sé samrýmanleg ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE þá er í öðru lagi spurt hvort tilskipunin takmarki svigrúm viðkomandi samningsríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir skuli valda breytingum á hinni fyrirfram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar?
3. Ef svarið við annarri spurningunni er að tilskipun 93/13/EBE takmarki ekki það svigrúm samningsríkis sem nefnt er í þeirri spurningu þá er í þriðja lagi spurt hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsamin í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þegar a) tekið er fram í skuldabréfi sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast, b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánsamningsins, og c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið?
4. Telst aðferðin við útreikning verðbreytinga í lánsamningi um fjármögnun fasteignakaupa hafa verið útskýrð rækilega fyrir neytanda í skilningi d. liðar 2. gr. viðauka við tilskipun 93/13/EBE þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í þriðju spurningunni?
5. Á ríki sem er aðili að EES-samningnum val milli þess við innleiðingu 1.mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE, annars vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að heimilt sé að lýsa óskuldbindandi fyrir neytanda óréttmæta skilmála í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, eða hins vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að slíkir skilmálar skuli ávallt vera óskuldbindandi fyrir neytandann?

**Beiðni stjórnsludómstóls Furstadæmisins Liechtensteins dagsett
21. október 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli grísku
nefndarinnar um fjármagnsmarkaði**

2014/EES/17/05

(Mál E-23/13)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá stjórnsludómstól Furstadæmisins Liechtensteins dagsett 21. október 2013, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 25. október 2013, með beiðni um ráðgefandi álit í máli grísku nefndarinnar um fjármagnsmarkaði að því er varðar eftirtalið:

Verður yfirvald sem leggur beiðni fyrir lögbært yfirvald í öðru aðildarríki, í samræmi við 16. gr. tilskipunar 2003/6/EB, að greina í beiðninni frá þeim málsatvikum sem vekja grun um að brotið hafi verið gegn banni við innherjasvikum og markaðsmisnotkun?

**Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 5. nóvember 2013 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli Gunnars V. Engilbertssonar gegn Íslandsbanka hf.**

2014/EES/17/06

(Mál E-25/13)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Héraðsdóms Reykjavíkur frá 5. nóvember 2013, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 12. nóvember 2013, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Gunnars V. Engilbertssonar gegn Íslandsbanka hf., að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Samrýmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ef löggjöf í ríki sem aðild á að EES-samningnum heimilar að samningur neytanda og veitanda um lán til fjármögnunar fasteignakaupa hafi að geyma ákvæði þess efnis að greiðslur af láninu skuli verðtryggðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni vísitölu?
2. Ef svarið við fyrstu spurningunni er á þann veg að verðtrygging greiðslna af láni sem tekið er til fjármögnunar fasteignakaupa sé samrýmanleg ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE þá er í öðru lagi spurt hvort tilskipunin takmarki svigrúm viðkomandi samningsríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir skuli valda breytingum á hinn fyrirfram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar?
3. Ef svarið við annarri spurningunni er að tilskipun 93/13/EBE takmarki ekki það svigrúm samningsríkis sem nefnt er í þeirri spurningu þá er í þriðja lagi spurt hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsaminn í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þegar a) tekið er fram í skuldabréfi sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast, b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánsamningsins, og c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið?
4. Telst aðferðin við útreikning verðbreytinga í lánsamningi um fjármögnun fasteignakaupa hafa verið útskýrð rækilega fyrir neytanda í skilningi d. liðar 2. gr. viðauka við tilskipun 93/13/EBE þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í þriðju spurningunni?
5. Á ríki sem er aðili að EES-samningnum val milli þess við innleiðingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE, annars vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að heimilt sé að lýsa óskuldbindandi fyrir neytanda óréttmæta skilmála í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, eða hins vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að slíkir skilmálar skuli ávallt vera óskuldbindandi fyrir neytandann?

**Beiðni Hæstaréttar Íslands dagsett 14. nóvember 2013 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli íslenska ríkisins gegn Atla Gunnarssyni**

2014/EES/17/07

(Mál E-26/13)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Hæstaréttar Íslands dagsett 14. nóvember 2013, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 15. nóvember 2013, með beiðni um ráðgefandi álit í máli íslenska ríkisins gegn Atla Gunnarssyni, að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Samrýmist það ákvæðum 28. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið og/eða 7. gr. tilskipunar 2004/38/EB að ríki (A), sem á aðild að samningnum, gefur hjónum ekki kost á að samnýta persónuafslátt við álagningu tekjuskatts þegar svo hagar til að bæði hjónin flytjast brott frá ríki (A) og búa í öðru ríki (B) á Evrópska efnahagssvæðinu og annað hjónanna fær lífeyri frá ríki (A) og hitt hefur engar tekjur, en skattaleg staða hjónanna yrði önnur ef þau byggju bæði í ríki (A), þar á meðal með því að þau nytu réttar til samnýtingar persónuafsláttar?
2. Hefur það þýðingu þegar spurningu 1 er svarað að ekki er í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ákvæði, sem svarar til 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins?

ÚRSKURÐUR DÓMSTÓLSINS**2014/EES/17/08****frá 31. október 2013****í máli E-2/12****INT, HOB-vín ehf.***(Túlkun dóms – Ráðgefandi álit – Málssóknin bersýnilega ekki tæk til efnislegrar úrlausnar)*

Hinn 31. október 2013 felldi dómstóllinn úrskurð í máli E-2/12 INT, HOB-vín ehf. – Málssókn skv. 39. gr. stofnsamþykktar dómstólsins og 95. gr. reglna um málsmeðferð um túlkun á dómi dómstólsins frá 11. desember 2012 í máli E-2/12 *HOB-vín*, skýrsla EFTA-dómstólsins 2012, bls. 1092. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson. Úrskurðurinn er svohljóðandi:

Málssókninni er vísað frá þar sem hún er bersýnilega ekki tæk til efnislegrar úrlausnar.

ÚRSKURÐUR DÓMSTÓLSINS**2014/EES/17/09****frá 23. október 2013****í máli E-2/13****Bentzen Transport AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA***(Neitað að hefja rannsókn vegna meintra vanefnda EES-ríkis á skuldbindingum sínum á sviði opinberra innkaupa – Mál sem eru dómtæk – Spurningar tækar til efnismeðferðar)*

Hinn 23. október 2013 felldi dómstóllinn úrskurð í máli E-2/13, Bentzen Transport AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA – Málssókn samkvæmt annarri málsgrein 36. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 507/12/COL frá 19. desember 2012 í máli nr. 71620 um að ljúka máli gegn norska ríkinu en rannsókn þess hófst eftir að kvörtun barst á hendur ríkinu vegna opinberra innkaupa. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Páll Hreinsson. Úrskurðurinn er svofelldur:

1. Málssókninni er vísað frá þar sem hún er ekki tæk til efnislegrar úrlausnar.
2. Sóknaraðili greiði málskostnað.

ÚRSKURÐUR FORSETA DÓMSTÓLSINS**2014/EES/17/10****frá 12. nóvember 2013****í máli E-22/13,****Íslandsbanki hf. gegn Gunnari V. Engilbertssyni***(Beiðni um ráðgefandi álit afturkölluð)*

– Beiðni Hæstaréttar Íslands um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Forseti dómstólsins hefur kveðið upp úrskurð dagsettan 12. nóvember 2013, og hljóða úrskurðarorðin svo:

Mál E-22/13 skal tekið af málaskrá.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2014/EES/17/11

(mál COMP/M.7000 – Liberty Global/Ziggo)

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Liberty Global plc („Liberty Global“) öðlast með yfirtökutilboði, sem var tilkynnt 27. janúar 2014, að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Ziggo N.V. („Ziggo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Liberty Global: sjónvarpsútsendingar, breiðbandstenging við internetið og talsímaþjónusta fyrir milligöngu kapalkerfa í 12 löndum í Evrópu, svo og í löndum utan Evrópu. Liberty Global veitir framangreinda þjónustu í Hollandi (fyrir milligöngu dótturfélagsins UPC, sem á og rekur kapalnet), ásamt því að reka fjölmargar sjónvarpsrásir, m.a. Sport1 og Film1
 - Ziggo: stafrænar og hliðrænar myndsendingar um kapal, breiðbandstenging við internetið og stafræn símaþjónusta um breiðbandsnet í Hollandi. Ziggo veitir einnig farsímaþjónustu, ásamt því að dreifa sjónvarpsrásum frá HBO (í gegnum sameiginlegt fyrirtæki með HBO). Öll starfsemi Ziggo er í Hollandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 84, 22. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7000 – Liberty Global/Ziggo, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7109 – Deutsche Telekom/GTS)

2014/EES/17/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Deutsche Telekom AG („DT“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í lúxemborgska fyrirtækinu Consortium 1 S.à r.l („GTS“). Fyrirtækið Carduelis 2 B.V. og dótturfélag þess, GTS Slovakia, s.r.o., sem tilheyra nú GTS-samsteypunni, eru ekki hluti af þessum viðskiptum.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DT: samþætt samsteypa á sviði fjarskipta, starfar einkum í Evrópu
 - GTS: rekur grunnvirki á sviði fjarskiptaþjónustu og sérsniðinna upplýsingatækni- og fjarskiptalausna, með starfsemi í Tékklandi, Ungverjalandi, Póllandi og Rúmeníu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 79, 18. mars, 18. mars 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7109 – Deutsche Telekom/GTS, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2014/EES/17/13****(mál COMP/M.7201 – Carlyle/Industrial Packaging Group)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. mars 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Carlyle Group („Carlyle“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska fyrirtækinu Industrial Packaging Group („IPG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Carlyle: eignastýring utan hefðbundinna markaða um heim allan
 - IPG: framleiðsla og sala á iðnaðarumbúðum og tengdum búnaði
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 79, 18. mars 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7201 – Carlyle/Industrial Packaging Group, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/17/14**
(mál COMP/M.6974 – Metinvest/Lanebrook/Southern GOK)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. febrúar 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M6974. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/17/15**
(mál COMP/M.7075 – Cintra/Abertis/Itinere/BIP&Drive JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 18. febrúar 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7075. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/17/16**
(mál COMP/M.7150 – Apollo/Ulster Bank/Arnotts)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. febrúar 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7150. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/17/17**
(mál COMP/M.7156 – WEX/Radius/European Fuel Card Business of Esso)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. mars 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7156. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

2014/EES/17/18

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7160 – Predica/AVIVA France/Ensemble Immobilier Saint-Denis)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 4. mars 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7160. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

2014/EES/17/19

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7166 – Sacyr/LBEIP/HC)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. mars 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á spænsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7166. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/17/20**
(mál COMP/M.7183 – Kendrick/Topaz/RPIF)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 11. mars 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7183. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2014/EES/17/21**
(mál COMP/M.7192 – Brookfield/MOL/ITI)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. mars 2014 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32014M7192. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ríkisaðstoð – Bretland**2014/EES/17/22****Málsnúmer SA.34947 (2013/C) (áður 2013/N) – Fjárfestingarsamningur
(bráðabirgðasamningur um fjárhagslegan mismun) vegna nýja Hinkley Point
C-kjarnorkuversins****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Bretlandi, með bréfi dagsettu 18. desember 2013, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 69, 7.3.2014, bls. 60). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Registry
Rue de la Loi/Wetstraat, 200
1049 Bruxelles/Brussel
